

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um breyt- 85
 ingu á takmörkum Munkaþverárklostursumboðs og Norðursýslu- og Reykjadalshöfðingja 31. ágúst.
 umboðs. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 23. júní þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, lagt
 það til, að þjóðjörðin Uppibær í Flatey, sem nú heyrir undir Munkaþverárklosturs-
 umboð verði um næstkomandi áramót lögð undir Norðursýslu- og Reykjadalshöfðingja um-
 boð, en umboðsmaður þessa umboðs hefur á hendi umboðsmennsku yfir hinum $\frac{3}{4}$ þört-
 um eyjarinnar Flatey. Hafið þjer jafnframt skýrt frá, að báðir umboðsmenn þeir, er í
 hlut eiga, láti sjer lynda breytingu þá á umboðum þeirra, sem hjer er um að ræða, og
 að umboðsmaður $\frac{3}{4}$ Flateyjar, Jón Sigurðsson á Gautlöndum, hafi lýst því yfir, að hann
 vildi taka Uppibæ að sjer til umsjónar án sjerstakrar úttektar með því skilyrði, sem
 umboðsmaður Munkaþverárklosturs hefur fullnægt, sem sje, að sannað yrði að jörðin
 hafi verið afhent núverandi leiguliða með lögmætri úttektargjörð.

Fyrir því undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður, að jeg hjer með
 skipa svo fyrir, að þjóðjörðin Uppibær í Flatey skuli frá 1. janúar 1889 lögð undir
 Norðursýslu- og Reykjadalshöfðingja umboð.

Amtsráðsfundaskýrslur.

86

Aðalfundur amtsráðsins í norður- og austuramtinu 28. og 29. júní 1888.

Ár 1888, 28. dag júnímán. var aðalfundur amtsráðsins í norður- og austur-
 amtinu settur á Akureyri af forseta amtsráðsins, amtmanni J. Havsteen, með amtsráðs-
 mönnunum Einari umboðsmanni Ásmundssyni í Nesi og Benedikt umboðsmanni Blöndal
 í Hvammi.

Mál þau, sem til umræðu komu á fundinum, voru þessi:

1. Var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins 1889.

Tekjur.

1. Áætlaðar eptirstöðvar 1888	1000 kr.
2. Jafnaðarsjóðsgjald	2500 —
	<hr/>
	3500 —

Gjöld:

1. Amtsráðið	350 kr.
2. Til sáttamála	150 —
3. — heilbrigðismála	300 —
4. — menntamála	1000 —
(Hjer af til amtsbókasafnsins 200 kr.).	
5. Til heyrnar- og málleysingja	750 —
6. Önnur afborgun og leigur af láninu til Skjálfafljótsbrúarinnar	400 —
7. Kostnaður við notkun fangahúsanna á Akureyri og Eskifirði	200 —
8. Óviss útgjöld	350 —
	<hr/>
	3500 kr.

2. Forseti framlagði skýrslur um fundarhald stjórnarnefndar búnaðarskólans á Hólum
 10. og 11. júní, 8. júlí. 1. nóvbr. f. á. og 26. marz þ. á., sem amtsráðið yfirfór,
 og ennfremur prentaða skólaskýrslu fyrir kennsluárið 1886—87.

20. dag septembermán. 1888.